

**Sp.**

**87. Tillaga til þingsályktunar**

**[79. mál]**

um nýsmíði skips til úthafs-rækjuveiða.

Flm.: Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita Snorra Snorrason skipstjóra, Dalvík, þess háttar aðstoð í formi ábyrgðar, er geri honum kleift að kaupa rækjuveiðaskip það er ráð var fyrir gert með ríkisstjórnarsamþykkt á s.l. sumri samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins þar að lútandi frá 23. júní s.l. enda leggi hann fram eiginfjármagn og tryggingar í hlutfalli við það sem þar var ráð fyrir gert.

**Greinargerð.**

Í ályktuninni felst að ríkisstjórnin veiti ábyrgð, sem til þess dugi að Snorri Snorrason geti fest kaup á nýju rækjuveiðaskipi af sömu gerð og þeirri sem fær-eyingar gera nú út með mjög góðum árangri við Grænland, en Snorri Snorrason hafði samið um smíði þess háttar skips við breska skipasmíðastöð, er smíða skyldi skrokk skipsins, og við Slippstöðina á Akureyri, sem tók að sér að fullsmíða það.

Snorri Snorrason hóf rækjuveiðar á djúpslóð norðanlands á 26 lesta bát árið 1972. Er fleytan reyndist of smá til úthafsveiðanna lét hann smíða sér stærri bát, Sæþór, sem er 50 lestir, og byrjaði rækjuveiðar á honum við Kolbeinsey haustið 1974. Óumdeilanlegt er að Snorri er frumkvöðull að djúprækjuveiðum hér við land, hefur sótt veiðar þessar af lofsverðri atorku og aflað sér reynslu við þann veiðis- skap umfram aðra hérlenda menn. Árið 1975 veiddi Snorri Snorrason 259 lestir á Sæþór af þeim samtals 414 lestum af rækju, sem öfluðust á úthafs-smiðum norðan- lands, eða um 61% af heildaraflanum. Þessi afli fékkst á 1600 togtímum, eða að jafnaði 162 kíló á klukkustund.

Í sumar leið samþykkti ríkisstjórnin að taka sérstakt tillit til afreka Snorra Snorrasonar, sérþekkingar hans og áhuga við úthafs-rækjuveiðarnar með því að veita honum undanþágu frá gildandi reglum varðandi smíði á nýju skipi erlendis, og greinir frá þeirri ákvörðun í bréfi sjávarútvegsráðuneytisins til Snorra hinn 23. júní 1976. Er þar ráðgert að Snorra verði veitt heimild til lántöku erlendis með ríkisábyrgð er nemi allt að 13% af kostnaði við smíði á skipsbol erlendis og auk þess verði honum veitt heimild til lántöku innanlands eða erlendis fyrir allt að 5% af innlendum kostnaði við smíði skipsins, með ríkisábyrgð ef nauðsyn krefur. Tekið var fram, svo sem sjálfsagt er, að lántaki yrði að sýna fram á, að hann gæti staðið undir greiðslu slíkra lána, áður en ríkisábyrgð yrði veitt. Síðan var til þess vitnað, að Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður yrðu að taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi lánveitingar í þessu skyni, og loks tekið fram að hér væri ekki verið að móta almenna heimild um lánakjör vegna úthafs-rækjuskipa, heldur væri hér um að ræða undantekningu er gerð væri í tilraunaskyni.

Þrátt fyrir þessa jákvæðu afstöðu ríkisstjórnar, sem hefði vissulega átt að nægja til þess að öðru jöfnu að af framkvæmdum yrði, fór svo að málið mætti andstöðu í Fiskveiðasjóði og þar af leiðandi í Útvegsbankanum, og Snorra Snorrasyni voru sett miklu strangari skilyrði varðandi eiginfjármagn og baktryggingar en almennt hafa tíðkast við nýsmíði skipa á liðnum árum, þannig að svo virðist nú sem ekki geti orðið af smíði rækjuveiðaskipsins nema til komi aukin fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera.

Upplýsingar þær, er fyrir liggja um aflaföng færeysku rækjuveiðaskipanna af framangreindri gerð, svo og upplýsingar um djúprækjumiðin fyrir Norðurlandi, benda til þess að skip það, er Snorri Snorrason ætlar að láta smíða, mundi skila andvirði sínu í erlendum gjaldeyri eftir átta mánaða úthald, og rekstraráætlanir sem lagðar hafa verið fram — og viðurkennt er að telja megi mjög varlega gerðar — benda til þess að hér yrði um trausta útgerð að ræða.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að Snorri Snorrason veiti allar nauðsynlegar baktryggingar og að hagsmunir hins opinbera verði tryggðir til hins ýtrasta. Það skal tekið fram að rækjuveiðaskip það, er hér um ræðir, mun kosta fullgert um 360 milljónir króna. Þetta yrði rösklega 250 lesta skip af svonefndri Maritimegerð, jafnhæft til almennra togveiða, línu- og netaveiða, búið frystilest.

Líkur benda til þess að gera mætti út mörg togskip á úthafsækjuna fyrir Norðurlandi með góðum árangri, en slík útgerð gæti haft úrslitabýðingu meðan halda þarf hlífiskildi yfir botnfiskastofnum okkar vegna rányrkju undangenginna ára. Til úthafsækjuveiðanna þarf góð skip, og fráleitt er að hefja tilraunaveiðarnar fyrir alvöru með úreltum skipum, sem ekki duga fyllilega til úthalds árið um kring á svo grimmum sjó.